

## 12. FUNDUR SAMEININGARNEFNDAR A-HÚN

Fimmtudaginn 10. júní 2020, var fundur haldinn í sameiningarnefnd A-Hún kl 19:30 í Eyvindarstofu á Blönduósi.

### Mætt voru:

*Frá Húnavatnshreppi:* Jón Gíslason, Póra Sverrisdóttir, Einar Kristján Jónsson og Ragnhildur Haraldsdóttir.

*Frá Skagaströnd:* Halldór G. Ólafsson, Kristín Björk Leifsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir.

*Frá Blönduósbæ:* Valdimar O. Hermannsson, Guðmundur Haukur Jakobsson og Birna Ágústsdóttir.

*Frá Skagabyggð:* Magnús Björnsson, Karen Helga R. Steinsdóttir og Dagný Rósa Úlfarsdóttir.

*Frá RR ráðgjöf:* Róbert Ragnarsson, Jón Hrói Finnsson og Ragnar Ágúst Róbertsson.

Jón Gíslason, formaður nefndarinnar setti fundinn og stýrði dagskrá.

Róbert Ragnarsson ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fyrir fundinum lá fundargerð 11. fundar nefndarinnar frá 16. apríl 2020. Fundargerðin var samþykkt og verður birt á huni.is

#### 2. Stöðugreining. Fjárhagur og stjórnýsla

Stöðugreiningin var send nefndarfólki fyrir fundinn. Róbert kynnti greininguna og kallaði eftir ábendingum og athugasemdum. Mikil umræða fór fram og munu ráðgjafar vinna úr ábendingum.

#### 3. Samstarfsverkefni

Drög að minnisblaði voru send nefndarfólki fyrir fundinn. Jón Hrói kynnti helstu atriði og kallaði eftir ábendingum og athugasemdum. Ráðgjafar munu vinna úr ábendingum.

#### 4. Áhersluatriði og hagsmunagreining

Framhald frá síðasta fundi. Jón Hrói kynnti helstu breytingar frá síðasta fundi.

#### 5. Fundur með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Róbert gerði grein fyrir því að fyrirhugaður er fundur 15. júní kl. 13 með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Ráðgjöfum var falið að gera drög að hnitmiðuðu minnisblaði með helstu sameiginlegu hagsmunamálum sem lagt verði fram á fundinum. Þá var ráðgjöfum falið að leita eftir fundum með ráðherrum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis sama dag. Ákveðið að á fundinn fari tveir fulltrúar frá hverju sveitarfélagi. Formaður sameiningarnefndar mun fara fyrir hópnum.

#### 6. Næsti fundur

Ákveðið var að halda fjarfund í síðustu viku júní. Fundurinn verður boðaður með dagskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 22:30.